



FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

118. tölublað – 34. árgangur
Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Desember 2013
Ábm: Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Dagskrá kvæðamannafélagsins Iðunnar vorið 2014

Vorið 2014 verða kvæðalagaæfingar og félagsfundir á þessa leið:

Kvæðalagaæfingar	Félagsfundir
8. janúar	10. janúar
5. febrúar	7. febrúar
5. mars	7. mars
2. apríl	4. apríl
7. maí	9. maí

Allir fundir og kvæðalagaæfingar félagsins hefjast stundvíslega kl 20:00 og lýkur kl. 22:30. Félagar eru hvattir til að mæta á sem flesta fundi og ekki gleyma æfingunum því þar geta menn kynnst betur innviðum félagsins og sögu. Einnig eru félagar hvattir til að taka með sér gesti, bæði á fundi og æfingar, því fundir Iðunnar eru öllum opnir. Starfsemi félagsins fer fram í Gerðubergi.

Heiðmerkurgleði félagsins verður haldin sunnudaginn 15. júní.

Hátíð ljóss á dimmum dögum.

Nú brosir stjarnan bjarta,
oss boðar heilög jól,
og hlýjar mannsins hjarta
Guðs heilög náðarsól.

Þetta upphaf eins af ljóðum föðurbróður míns kemur oft fram í hugann, einkanlega er ég minnst bernskuáranna og þess hátíðleika sem þau báru með sér þegar jólin fóru verulega að nálgast. Sú tilfinning að brátt færi að lengja daginn með vaxandi birtu lyftir hugarfarinu og veitir okkur innsýn í afl þess máttarverks sem fær hnetti himinbrautanna til að halda göngu sinni óraskaðri lengri tíma en þann sem hugsun okkar megnar nokkru sinni að ná yfir. Sólin, tunglið, norðurljós og stjörnur. Þessi fyrirbæri himinvíddanna minna okkur ætíð á hversu mikið við eigum ljósinu að þakka, birtunni sem umlykur okkur og gefur okkur möguleikann á að geta lifað á þessari jörð.

„Verði ljós“, mælti skaparinn, og það varð ljós! Í skini þess mótum við líf kynslóðanna á eilífðargöngunni.

Já, jólin eru í nánd. Enn einu sinni undirbúum við komu þeirra á margvíslegan hátt. Við sendum kveðjur og gjafir, prýðum í kringum okkur eftir bestu föngum, göngum í kirkju og hlýðum á heilagt orð og ljúfan söng. Söngurinn býr í brjósti manna og kórarnir efla færni sína sem aldrei fyrr. Venjur skapast með tímanum um eitt og annað og ein er víða sú að opna ekki jólakortabréf og gjafaböggla fyrr en aðalhátiðin er gengin í garð. En ótalinn verður ævinlega sá fjöldi sem beðið hefur með óþreyju eftir að fá að opna aðsendu böggla. Frá bernskudögum man ég eftir náfrænda mínum sem eitt sinn rétt fyrir jól ávarpaði mig á þessa leið:

„Jólakassinn kom í gær. Eruð þið búin að fá jólakassann?“

Þessi ágæti frændi minn hafði fylgst með jólasendingum skyldmennanna frá ári til árs í bókstaflegri trú á það að allar fjölskyldur gengju að „jólakassanum“ vísum. En jólagjafir manna á milli, innan heimila og fjölskyldna, hljótum við að telja meðal fegurstu siðvenja sem aldinn þjóðarsíð.

Og það voru ekki dýrar, torfengnar gjafir sem fólkið gladdi hvað annað með og þá einkum börnin í þá góðu gömlu daga. Hugblærinn sem fylgdi var alla jafna dýrmætastur hvort sem um var að ræða kerti, spil eða fallega flík. Jóhannes úr Kötlum orti þannig um jólasveininn sem girntist nýsteyptu kertin á jólunum:

Hann elti litlu börnin
sem brostu glöð og fín
og trítluðu um bæinn
með tólgakertin sín.

Þetta þjóðsögulega dæmi bregður ljósi á það að oftast var glaðst yfir litlu en haldin hátíð í bæ án samanburðar og kröfugirni.

Tímamót ólíkra árstíða fara nú senn í hönd þegar myrkurtíminn hörfar og hverfur loks á braut, en ljósbirtan, sem hlýtur að hafa betur, vekur nýjar vonir og kenndir. Lítum því með bjartsýni til þess tíma með einlægri þökk fyrir hátíð ljóssins á dimmum dögum.

Gleðileg jól.

Bjarni Valtýr Guðjónsson

Jólavísur

Frýs á rúðu fannhvít rós
friðsælt er og hljótt,
þekja hvolfið þúsund ljós,
það er jólanótt.

Sigrún Haraldsdóttir

Mánaljósinn leiftra skær
lýsa grund og ögur,
Hélurós á glugga grær
glitrar mjallarkögur.

Ingólfur Ómar Ármanns.

Éttu og drektu uns maginn er mát,
mikið þá reynir á görn.
Gleðileg jólin og gæfuríkt át
gefist í veislutörn.

Heillakveðjur heims um ból
hér má bera miði.
Hátíðleg og heilög jól
haltu í náð og friði.

Jesús Kristur kveður skýr,
kærleiks- hefur -sniðið,
en neysluhyggjuhátið dýr
hérna tryllir liðið.

Þrettán koma fjöllum frá.
Fyndist nokkrum saka
þótt við fengjum fleiri að sjá
fara með til baka?

Helgi Zimsen

Hríðin fléttar freragrund,
frostið sléttar tjarnir,
mér þó létta líf um stund,
lopavettlingarnir.

Sígur hljótt nú himnagoð
hneygir þróttinn bjarta.
Ósköp skjótt sér vefur voð
vetrarnóttin svarta

Myrka hríðin mæðir dimm
mjallar smíðar hóla.
Mjúka sníður gjólan grimm,
gráa hlíðarkjóra.

Höskuldur Búi Jónsson

Það er gott og gaman á
gleðilegum jólunum,
fyrir hrút sem hamast þá
í hundrað ám með tólunum.

Jón Ingvar Jónsson

Bráðum jólin bresta á,
börn úr spennu sálgast.
Lambhrútarnir fiðring fá:
Fyrsta skiptið nálgast.

Nú er úti veður vott,
vindur, krap og leðja.
Hafið það samt harla gott.
Hér er jólakveðja.

Þó að ólán elti menn,
öll í skjólin fjúki
hækkar sól á himni enn,
hefjast jólablótin senn

Nú er hátíð heims um ból
þótt hann sé leiðigjarn;
gaman er að geta um jól
glæðlegt lítið barn.

Eftir hellings hangikjöt
og hitt og þetta í mallann
kemst ég ekki í nein föt
önnur en jogginggallann

Þórarinn M Baldursson

Hýrnar útvegsbænda brá,
best þeir jóla njóta,
er á silfurfati fá
frían makrflkvóta

Sigrún Haraldsdóttir